



Aðalfundur Hollvina Grensásdeildar fyrir starfsárið 2008 til 2009 Fundargerð

Aðalfundur Hollvina Grensásdeildar (HG) vegna starfsársins 2008 – 2009 var haldinn í safnaðarheimili Grensáskirkju miðvikudaginn 27. maí 2009 að viðstöddum um 25 fundargestum. Sérstakir gestir fundarins að þessu sinni voru þau Kristján Freyr Einarsson grafískur hönnuður sem hefur verið að hanna merki fyrir HG og Edda Heiðrún Backman leikkona sem hefur verið skjólstæðingur Grensásdeildar um nokkurt skeið. Edda Heiðrún kynnti fjáröflunarhugmynd sem hún hefur verið að þróa vegna Grensásdeildar.

Í upphafi fundar bauð formaður, Gunnar Finnsson, fundargesti alla velkomna og vék síðan að dagskrá fundarins. Fyrsta mál var **kosning fundarstjóra og fundarritara**. Stakk formaður upp á Þóri Steingrímssyni í embætti fundarstjóra og Sigmari Þór Óttarssyni í fundarritaraembættið. Aðalfundur samþykkti uppástungu formannsins með lófataki. Tók Þórir Steingrímsson við stjórn fundarins og stýrði fundi af festu allt til loka.

Annar liður dagskrár var **Skýrsla stjórnar HG** fyrir starfsárið 2008-2009 þar sem Gunnar Finnsson formaður fór yfir helstu þætti í starfsemi samtakanna á liðnu starfsári. Er vísað til hennar sem fylgisskjals við fundargerð. Reifaði Gunnar þá bjartsýni er gætt hafði varðandi stækkunaráform Grensásdeildar í samvinnu við Sjóvá. Þau áforn dagaði uppi innan Heilbrigðisráðuneytisins og má segja að nokkuð hafi skort á samvinnu ráðuneytisins við HG varðandi stækkun deildarinnar á þessu starfsári. Með breyttu ástandi í samfélaginu má segja að stækkunaráform á Grensási séu komin á byrjunarreit. Það sem við hefur tekið er að verja núverandi starfsemi við niðurskurðarhnífnum. En Gunnar ræddi einnig um jákvæða hluti og sagði frá því að í vor hefðu HG eftir talsverðan aðdraganda afhent Grensásdeild tvo hitavagna, sem eru þeirrar gerðar að halda matnum heitum svo að hægt er að skammta mað á diska á staðnum. Þetta á að bæta gæði matarins og gera matarins lystugri fyrir þá er dvelja á Grensásdeild hverju sinni. Maturinn sem framreiddur er á Grensásdeild er ekki eldaður þar, og það gefur auga leið að hann tapar gæðum við flutninginn frá eldunarstað að ákvörðunarstað. En hitavögnunum ætlað að draga úr þeim skaða og jafnframt að hækka ánægjustuðul sjúklinga með þá fæðu sem fyrir þá er framreidd. Hitavagnarnir voru keyptir af fyrirtækinu Fastus hf. Sem var svo rausnarlegt að gefa HG um helmingsafslátt af almennu verði vagnanna. Færði Gunnar formaður forsvarsmönnum og öðrum starfsmönnum Fastus bestu

þakkir og lofaði þeirra samfélagslegu ábyrgð og hlutdeild þeirra í að þessi gjöf HG yrði að veruleika.

Annað ánægjulegt atriði varðandi HG og kynningu á þeim er að hönnun merkis (lógó) er á lokastigi og tilbúið til kynningar og samþykktar á aðalfundi. Hönnuður merkisins, Kristján Freyr Einarsson grafískur hönnuður, hannaði merkið eftir forsögn stjórnar HG. Vann Kristján Freyr það samtökunum að kostnaðarlausu og kom Gunnar á framfæri þökkum HG fyrir þann rausnarskap. Kristjáni Frey hafði verið boðið að kynna hugsunina að baki merkisins á aðalfundinum og gerði hann það. Hann sagði að í því væru tvö megintákn, sólarupprás og 3 súlsur. Sólarupprásin sé tákn fyrir bjartsýni, en klassísku súlurnar þrjár tákna styrk. Kynning Kristjáns Freys á lógóinu var mjög einföld og skýr og féll í mjög góðan jarðveg hjá fundarmönnum. Fékk hann lófaklapp frá fundinum fyrir vel unnið verk í þágu samtakanna og velvild gagnvart þeim málstað sem samtökin standa fyrir.

Síðan var vikið að öðru atriði er snertir mjög kynningu á samtökunum en þar hefur stjórn HG fundist skórin kreppa að með hversu vel Hollvinir og málstaður samtakanna séu kynnt úti í þjóðfélaginu. Í deiglu hafa verið hjá stjórn HG að ráðast í útgáfu á kynningarbæklingi þar sem hægt væri að afla sér upplýsinga um HG og hvað samtökin stæðu fyrir, ásamt því að kynna starfseminu á Grensásdeild. Hins vegar hefur kostnaðarhliðin haldið aftur af mönnum. En nú hafa HG borist styrkir frá velunnurum í tengslum við útgáfuáætlun samtakanna. Pentsmiðjan Oddi veitti 60 þúsund króna styrk og Össur hf. 65 þúsund króna styrk til gerðar kynningarefnis. Þessir styrkir fara langleiðina með greiða prentunar- og pappírskostnað við útgáfuna. Þessum fyrirtækjum hafa verið send þakkarbréf og þess látið getið að gjöf þeirra og stuðningur sýni samfélagslega ábyrgð þeirra í verki.

Fleiri hafa sýnt HG hlýhug í verki. Í vetur lét Guðný Daniélsdóttir lækni af störfum á Grensásdeild og við starfslök hennar höfðu vinnufélagar safnað í kveðjugjöf. Guðný kaus að afhenda HG söfnunarféð, 40 þúsund krónur. Samtökin vilja þakka Guðnýju þennan stórhug í þeirra garð.

Brýnt er að koma upp heimsíðu fyrir HG, en það er kostnaðarsamt að setja upp slíka síðu og og halda henni úti. Þar sem HG eru ung og fjárvana samtök hefur heimasíðugerðin lent aftar á málefnskrá HG en stjórnin vonar að það takist að koma upp heimasíðu samtakanna áður en langt um líður. HG hafa notið velvilja hjá samtökunum *Heilaheill* og fengið inni á heimasíðu þeirra, www.heilaheill.is. Þar má finna upplýsingar um HG undir stikunni “Hollvinir”.

HG hafa leitast við að vekja athygli á og kynna starfsemi Grensásdeildar. Félagsmenn hafa skrifað blaðagreinar um þetta málefni, og 15. maí sl.var, að tilstuðlan samtakanna, RÚV-þátturinn *Samfélagið í nærmynd* með afar velheppnaðan klukkustundar þátt um Grensásdeild í beinni útsendingu þaðan.

Síðan vék formaður nokkrum orðum að meðlimafjölda og fjárhag HG. Á síðasta aðalfundi voru meðlimir samtakanna rösklega 100, en þeim hefur fjölgað nokkuð á árinu og teljast nú 140. Árgjaldið hefur frá stofnun samtakanna árið 2006 verið 1000,- krónur. Hins vegar hefur kaupmáttur árgjaldsins rýrnað mjög á þessum tíma, en í ljósi efnahagsaðstæðna telur stjórn HG ekki rétt að hækka árgjaldið og mælir því með að það haldist óbreytt um sinn. Að öðru leyti vísaði formaður til umfjöllunar gjaldkera HG um fjármál og fjárhag samtakanna síðar á dagskrá fundarins. Formaður lét þess getið að innheimta félagsgjalda HG hefði verið óvenju slök á sl. Starfsári. Ætla má að efnahagsástandinu sé nokkru um að kenna en einnig slök frammistaða bankans sem hefur sint innheimtumálum fyrir samtökin.

Þá vék formaður að starfsáætlun komandi árs. Þar sem boðað hefur verið til skerðingar á starfsemi á Grensásdeild og bygging viðbyggingarálmu slegin af borðinu, er viðbúið að samtökin leitist við að styðja skerta starfsemi deildarinnar eins og fjárhagurinn leyfir. Haldið verður áfram á að leita nýrra fjáröflunarleiða svo samtökin geti sem mest og best stutt við Grensásdeild. En eins og staðan er í dag þá er háð varnarbarátta fyrir Grensásdeild og hún fer að miklu leyti fram með því að kynna og vekja athygli á starfi Grensásdeildar og þýðingu hennar fyrir þjóðfélagið.

Í niðurlagi skýrslu sinnar fór formaður nokkrum orðum um stöðu Grensásdeildar og ennfremur um nauðsynlegar stuðningsaðgerðir við starfsemina þar. Lauk Gunnar formaður svo máli sínu með því að segja að öll skerðing á Grensásdeild væri mjög bagaleg, ekki hvað síst vegna þess hve þjónustan þar væri svo sérstök og hvergi annars staðar að fá. Það skyldu menn athuga vel áður en þeir sveifluðu niðurskuðarhnífnum á starfsemi deildarinnar.

Fundarstjóri gaf síðan orðið laust um efni skýrslunnar. Fyrstur til að biðja um orðið var Stefán Yngvasson yfirlæknir á Grensásdeild. Þakkaði hann og rómaði mjög það samstarfið við formann HG og samtökin í heild. Sérstaklega vildi hann þakka samtökunum fyrir gjöf þeirra á hitavögnunum sem hefðu reynst strax frá byrjun mjög vel. Það væri ekki ónýtt fyrir Grensásdeild að eiga slíka hauka í horni sem Hollvini, ekki síst í því árferði sem nú er uppi í þjóðfélaginu. Stefán vék síðan að stöðunni sem komin er upp hvað Grensásdeild varðar. Á sl. vetri fór deildin í gegnum mikinn hreinsunareld sem fólst í umtalsverðum niðurskurðaráformum sem síðan var hrint strax í framkvæmd í maímánuði. Hefur Grensásdeild orðið að sjá á bak afar hæfu starfsfólki vegna þeirra sparnaðaráforma sem deildinni var ætlað að uppfylla. Þetta væri þyngra en tárur tæki en við þetta yrði að una, en vonandi yrði það ástand sem hönd færi ekki það langvarandi þannig að hægt yrði að ná til baka því þjónustustigi er var við lýði á deildinni áður en fjármálakreppan reið yfir. Að lokum síns máls hvatti Stefán HG að láta ekki deigan síga í sinni starfsemi og það væri starfsfólki á Grensásdeild mikill styrkur að vita af samtökum út í þjóðfélaginu sem léti starfsemina og starfsfólk Grensásdeildar sig miklu skipta.

Þá bað Sigrún Knútsdóttir, yfirsjúkraþjálfari á Grensásdeild, um orðið. Vildi hún þakka HG kærlega fyrir elju og dugnað í þágu Grensásdeildar og hvatti samtökin til að láta ekki deigan síga þrátt fyrir ástandið. Síðan snéri Sigrún máli sínu að kynningarmálum Grensásdeildar og taldi að þar þyrfti að gera betur. Samtökin þyrftu að útbúa bækling til að kynna sig, þar sem fram kæmi fyrir hvað þau stæðu en í leiðinni væri starfsemi sú sem rekin er á Grensásdeild kynnt; þetta tvennt yrði sem sé samtvinnað. Ennfremur benti Sigrún á ýmsa athyglisverða hluti hvað varðar lækningar- og þjálfunarþjónustuna, svo sem um heimatengda lækningarþjónustu, sem of langt mál yrði að telja hér.

Þá var komið að **samþykkt ársreikninga**. Guðrún Pétursdóttir gjaldkeri HG gerði grein fyrir fjárhagsstöðu samtakanna og hvernig fjármálum þeirra hefði reitt af á síðasta starfsári. Samkvæmt rekstraryfirliti frá ársbyrjun 2008 til ársloka sama árs, þá voru tekjur samtals kr. 136.942,- og þar af voru greidd félagsgjöld kr. 37.000,-, minningarkort og aðrar gjafir námu kr. 33.500,- og loks voru innvextir ársins kr. 66.442,-. Gjöld ársins voru alls kr. 9.073,-. Tekjur ársins 2008 að frádregnum gjöldum voru því 127.869,-. Þegar litið er á tekjuhliðina þá ber á það að líta að félagsgjöld hafa innheimst mun lakar á árinu 2008 heldur en á árinu 2007 og þar munar kr. 53.000,- á milli ára sem lækun innkomu 2008 en vaxtatekjur 2008 eru rétt um 30.076 kr. hærri en á árinu 2007. Afkoma tekjuársins 2008 er sem sagt kr. 42.463,- lakari

en á árinu 2007. Í efnahagsreikningi var eigið fé samtakanna í ársbyrjun 2008, kr. 516.869,- og þar við bætist síðan tekjuafgangur samkvæmt rekstraryfirliti kr. 127.869,-.

Eigið fé HG í árslok 2008 samkvæmt efnahagsreikningi var því kr. 644.738,- en samsvarandi tala frá árinu á undan var kr. 516.869,-.

Gjaldkeri taldi að samtökin mættu sæmilega við una í því árferði er ríkti en stjórn og félagsmenn yrðu að vera duglegir að finna upp á nýjum fjáröflunarleiðum, því ljóst væri að félagsgjöldin myndu ekki hækka á næsta starfsári og þar með í lækka að raungildi, sem raun hafa verið að gera allar götur frá upphafi. Ársreikningarnir voru síðan bornir upp fyrir aðalfund til samþykktar eða synjunar, og voru þeir samþykktir með lófaklappi. Einnig var engum mótbárum hreyft við tillögu stjórnar HG um að **árgjald** samtakanna yrði kr. 1000,- á næsta starfs- og tekjuári samtakanna.

Næst síðasti liður dagskrár aðalfundar var **kosning til stjórnar Hollvina Grensásdeildar**. Fundarstjóri taldi upp þá sem væru í kjöri til stjórnar HG fyrir næsta starfs- og tekjuár, þ.e. 2009-2010. Reyndar gleymdist að þessu sinni að láta þess getið við fundarmenn að ritari samtakanna, Sigmar Þór Óttarsson, myndi ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn HG hvar hann hefur setið frá stofnun samtakanna. Hins vegar var listi með nöfnum stjórnarmanna, sem hér fer á eftir, borinn upp fyrir fundinn: Gunnar Finnsson, Þórir Steingrímsson, Guðrún Pétursdóttir, Edda Bergmann, Þórunn Þórhallsdóttir; og síðan tveir til vara þeir Ásgeir B. Ellertsson og Baldvin Jónsson. Aðalfundur HG samþykkti með lófataki að ofantaldir aðilar myndu sitja í stjórn HG á næsta starfsári samtakanna 2009-2010. Síðan myndu ofantaldir stjórnarmenn HG skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi.

Síðasti liður boðaðrar dagskrár var **Önnur mál**.

Umræður spunnust um samstarf HG og Sjálfsbjargar um að á fót verði komið ráðgjafar- og þjónustumiðstöð og þótti mönnum augljós þörf skjólstaðinga Grensásdeildar fyrir slíka þjónustu og fögnuðu samstarfi HG og Sjálfsbjargar á þessu sviði.

Lokaatriði fundarins var framsaga Eddu Heiðrúnar Backman leikkonu, sem strítt hefur við alvarleg veikindi um nokkurt skeið. Hún hefur, eins og margir sem að HG standa, notið aðstoðar og þjónustu Grensásdeildar. Eddu hefur fundist sárt hvernig niðurskurðarhnífnum er beitt gagnvart Grensásdeild og því lagðist hún undir feld til að finna leiðir til þess að snúa af vegi þeirrar hnignunar sem fyrirsjálegt að starfsemi deildarinnar yrði fyrir. Hún fékk þá hugmynd að hrinda af stað fjársöfnun fyrir Grensásdeild haustið 2009 með því takmarki að safna 500 milljónum króna. Þetta söfnunaráttak vildi hún kynna fyrir fundarmönnum. Hún hefur sambönd við fjölmarga listamenn í ýmsum listgreinum og sá fyrir sér að stofnað yrði til margs konar viðburða þar sem listamenn gæfu vinnu sína. Öll innkoma myndi renna óskipt til Grensásdeildar.

Hugmynd Eddu Heiðrúnar féll í mjög góðan jarðveg meðal fundarmanna og var henni fagnað með lófaklappi í fundarlok. Í lokin þakkaði Gunnar Finnsson Eddu Heiðrúnu fyrir hönd HG kærlega fyrir að heimsækja okkur á aðalfund samtakanna og þær frábæru hugmyndir sem hún kynnti. Þakkaði formaður fundarmönnum góðan og ánægjulegan fund og sleit síðan fundi.